
Efnistaka á Mýrdalssandi

Mýrdalshreppi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 17. júní 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga STEAG Power Minerals að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Mýrdalshrepps, Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Ný lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana tóku gildi 1. september sl. Þau leysa af hólmi lög nr. 106/2000. Þar sem afgreiðslu á tillögu STEAG Power Minerals var ekki lokið fyrir gildistöku nýrra laga, fer um afgreiðslu hennar samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021.

2 Gögn lögð fram

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Efnistaka á Mýrdalssandi. Tillaga að matsáætlun. STEAG Power Minerals og Efla, 4. ágúst 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá Mýrdalshreppi 20. ágúst 2021, Sveitarfélaginu Ölfusi 23. ágúst 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. ágúst 2021, Landgræðslu ríkisins 26. ágúst 2021, Landvernd 27. ágúst 2021, Minjastofnun Íslands 27. ágúst 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands þann 27. ágúst 2021 og Vegagerðinni 14. september 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 10., 14. og 20. september 2021.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í framlagðri tillögu STEAG Power Minerals eru kynnt áform um vikurnám á Mýrdalssandi austan og suðaustan við Hafurey, á svokallaðri Háöldu. Gert er ráð fyrir að árleg efnistaka verði um 286.000 m³ fyrsta árið, en að fimm árum liðnum verði árleg efnistaka orðin 1,43 milljónir m³ og stefnt að sama magni eftir það. Miðað við þau áform eigi vikurinn á svæðinu að endast í rúma öld. Vikurinn verði fluttur með vörubílum til Þorlákshafnar og fluttur þaðan til Evrópu. Ráðgert er að nota vikurinn sem staðgengil fyrir ösku í sementsframleiðslu og lækka með því kolefnisfótspor sementsframleiðslunnar.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til tillögu STEAG Power Minerals.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.



Upplýsingar um áformaðar framkvæmdir

Um er að ræða áform um umfangsmikla efnistöku sem áformað er að standi yfir langan tíma. Jafnframt felur reksturinn í sér mikla umferð flutningabíla um langan veg.

Skipulagsstofnun minnir á ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem eru nánar útfærð í reglugerð, um hvaða upplýsingar skulu koma fram um áformaða framkvæmd í umhverfismatsskýrslu. Það á til dæmis við staðsetningu og afmörkun allra athafnasvæða framkvæmdarinnar og umfang mannvirkja, búnaðar og starfsemi á þeim. Einnig tilhögun efnistöku, svo sem áætlun um efnistöku og um tilfærslu vinnslu innan efnistökusvæðis eftir tímabilum, haugsetningu og frágang. Sama gildir um aðstöðu í Þorlákshöfn.

Jafnframt áréttar Skipulagsstofnun að umhverfismat framkvæmdarinnar þarf auk efnisvinnslunnar á Mýrdalssandi að taka til flutninga milli efnistökusvæðis, lagersvæðis í Þorlákshöfn og hafnar.

Valkostir

Í tillögu STEAG Power Minerals kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir annarri staðsetningu á efnistöku en í Háöldu á Mýrdalssandi. Gerð er grein fyrir valkosti úr fyrra umhverfismati frá árinu 2002¹ sem fólst í efnistöku vestan Hjörleifshöfða á Mýrdalssandi og rakið hvers vegna sá kostur væri lakari. Hins vegar kemur fram að í umhverfismatinu verði greindir valkostir um mismunandi akstursleiðir til Þorlákshafnar.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umhverfismat efnistöku á Mýrdalssandi verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma. Ástæða er til að skoða valkosti um mismunandi flutningsleiðir og fyrirkomulag á flutningi milli Mýrdalssands og Þorlákshafnar og staðsetningu og fyrirkomulag á efnislager í Þorlákshöfn ásamt flutningsmáta og -leiðum frá lagersvæði til hafnar. Þar verði lagt mat á áhrif á umferðaröryggi, hljóðvist og loftgæði.

Umferð, umferðarmannvirki og umferðaröryggi

Í tillögu STEAG Power Minerals kemur fram að unnið verði um 249 daga á ári, alla daga vikunnar nema sunnudaga og á lögbundnum frídögum. Flutningar verði á flutningabílum sem taki allt að 48m³ efnis í hverri ferð.

Í ljósi þess mikla umfangs sem fyrirhugað er á efnistökkunni og langrar leiðar frá efnistökkustað til hafnar liggur fyrir að um mjög umfangsmikla flutninga verður að ræða sem geta haft áhrif á umferðarmannvirki, umferð, umferðaröryggi og önnur umhverfisáhrif umferðar, svo sem hljóðvist og loftgæði víða, innan og utan þéttbýlis.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir fyrirkomulagi á flutningum frá efnistökkustað til lagersvæðis og hafnar og umhverfisáhrifum flutninga. Gera þarf grein fyrir stærð og þyngd flutningabíla og fjölda, tíðni og tímasetningu ferða ásamt akstursleiðum. Meta þarf áhrif flutninganna á umferðarmannvirki, umferð og umferðaröryggi og gera grein fyrir hvar flutningarnir kalla á breytingar á umferðarmannvirkjum og mótvægisáðgerðir, ef það á við.

¹ Áform um efnistöku á þessu svæði hafa áður gengið í gegnum umhverfismat. Fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar frá 26. ágúst 2002 um mat á umhverfisáhrifum áforma Kötluvíkurs ehf. um allt að 200.000 m³ vikurnám á ári úr 15,5 km² svæði í Háöldu austan Hafurseyjar á Mýrdalssandi. Skipulagsstofnun er ekki kunnugt um veitt hafi verið leyfi vegna þeirra áforma.



Hljóðvist

Í tillögu STEAG Power Minerals kemur fram að ekki sé fyrirhugað að leggja mat á áhrif á hljóðvist. Er vísað til þess að engin byggð sé á Mýrdalssandi og lítið um ferðamenn á svæðinu. Áhrif á hljóðvist á Mýrdalssandi séu því hverfandi. Í Þorlákshöfn verði lóð undir vikurgeymslu líklega um 2,5 km vestan við bæinn á iðnaðarsvæði og engar íbúðarlóðir í næsta nágrenni. Starfrækt sé lagergeymsla fyrir vikur í suðurhluta bæjarins sem sé mun nær íbúðarbyggð og ekki kunnugt um að hljóðvist hafi verið vandamál þar. Því sé talið að áhrif á hljóðvist í Þorlákshöfn verði óveruleg.

Skipulagsstofnun minnir á að um umfangsmikil áform um efnistöku og flutninga er að ræða. Þótt að svo kunni að háttá til að ekki sé nú til staðar byggð eða landnýting á eða nærri efnistökusvæði eða lagersvæði sem sé viðkvæm fyrir hljóðmengun eru framkvæmdaáformin þess eðlis og af því umfangi að nauðsynlegt er að spá fyrir um áhrif þeirra á hljóðvist. Þá verður að gera sérstaka kröfu til þess að ítarlega verði lagt mat á áhrif flutninga milli Mýrdalssands, lagersvæðis og hafnar á hljóðvist og eftir því sem við á gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna þeirra áhrifa.

Loftgæði

Í tillögu STEAG Power Minerals er gert ráð fyrir að meta áhrif jarðefnafoks frá lagersvæði í Þorlákshöfn, en ekki talið að byggð eða landnýting nærri efnistökusvæði eða lagersvæði sé viðkvæm fyrir foki jarðefna.

Skipulagsstofnun minnir á að um umfangsmikil áform um efnistöku og flutninga er að ræða. Þótt að svo kunni að háttá til að ekki sé nú til staðar byggð eða landnýting á eða nærri efnistökusvæði eða lagersvæði sem sé viðkvæm fyrir áhrifum starfseminnar á loftgæði eru framkvæmdaáformin þess eðlis og af því umfangi að nauðsynlegt er að spá fyrir um áhrif þeirra á loftgæði, jafnt frá starfsemi á efnistökusvæðinu á Mýrdalssandi, frá flutningum og frá lagersvæði í Þorlákshöfn og gera eftir því sem við á grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna þeirra áhrifa.

Landslag og ásýnd

Í tillögu STEAG Power Minerals kemur fram að fjallað verði í umhverfismatinu um hvernig landslag á sandinum mun breytast, hvar fólk verði vart við námusvæðið, hvernig ásýnd muni breytast frá þeim stöðum og hvaða mótvægisáðgerðir séu mögulegar til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvaða hlutar starfseminnar eru líklegastir til að hafa í för með sér sjónræn áhrif. Gera þarf grein fyrir sýnileika efnistökusvæðisins og aðkomuvegar með sýnileikamyndum frá Hringvegi og helstu ferðaleiðum og áfangastöðum ferðamanna í nágrenninu, svo sem leiðum að Hafursey, Hjörleifshöfða og af Höfðabrekkuheiði á leiðinni í Þakgil. Þá þarf að greina sýnileika með sýnileikakorti sem sýnir hvaðan efnistökusvæði og aðkomuleið að því sést. Jafnframt þarf að meta sjónræn áhrif af lagersvæði í Þorlákshöfn.

Ferðþjónusta og útivist

Í tillögu STEAG Power Minerals kemur fram að ráðgert sé að lagfæra gamla þjóðveginn á Mýrdalssandi og nota sem námuveg, en vegurinn hefur verið nýttur af ferðafólki sem fer að Hafursey og Kötlujökli. Ekki kemur fram hvort framkvæmdirnar feli í sér takmarkanir á umferð ferðafólks að Hafursey og Kötlujökli.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein áhrifum á umferð ferðafólks um gamla þjóðveginn að Hafursey og Kötlujökli.



4 Niðurstaða

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu STEAG Power Minerals að matsáætlun ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

1. **Valkostir.** Greina áhrif mismunandi valkosta um flutningsleiðir og fyrirkomulag á flutningum milli Mýrdalssands og Þorlákshafnar sem og flutningsmáta og -leiða milli lagersvæðis og hafnar í Þorlákshöfn. Einnig mismunandi valkosta um staðsetningu lagersvæðis. Þar verði lagt mat á áhrif á umferðaröryggi, hljóðvist og loftgæði.
2. **Umferð, umferðarmannvirki og umferðaröryggi.** Gera þarf ítarlega grein fyrir fyrirkomulagi á flutningum frá efnistökuastað til lagersvæðis og hafnar og umhverfisáhrifum flutninga. Gera þarf grein fyrir stærð og þyngd flutningabíla og fjölda, tíðni og tímasetningu ferða ásamt akstursleiðum. Meta þarf áhrif flutninganna á umferðarmannvirki, umferð og umferðaröryggi og gera grein fyrir hvar flutningarnir kalla á breytingar á umferðarmannvirkjum og mótvægisáðgerðir, ef það á við.
3. **Hljóðvist.** Spá þarf fyrir um áhrif starfsemi á efnistökusvæði og lagersvæði á hljóðvist. Þá þarf að gera ítarlega grein fyrir og leggja mat á áhrif flutninga milli Mýrdalssands, lagersvæðis og hafnar á hljóðvist og gera eftir því sem við á grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna þeirra áhrifa.
4. **Loftgæði.** Spá þarf fyrir um áhrif starfsemi á efnistökusvæði og lagersvæði og frá flutningum á loftgæði og gera eftir því sem við á grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna þeirra áhrifa.
5. **Landslag og ásýnd.** Gera þarf grein fyrir því hvaða hlutar starfseminnar eru líklegastir til að hafa í för með sér sjónræn áhrif. Gera grein fyrir sýnileika efnistökusvæðisins og aðkomuvegar með sýnileikamyndum frá Hringvegi og helstu ferðaleiðum og áfangastöðum ferðamanna í nágrenninu, svo sem leiðum að Hafursey, Hjörleifshöfða og af Höfðabrekkueiði á leiðinni í Þakgil. Þá þarf að greina sýnileika með sýnileikakorti sem sýnir hvaðan efnistökusvæði og aðkomuleið að því sést. Jafnframt þarf að meta sjónræn áhrif af lagersvæði í Þorlákshöfn.
6. **Ferðapjónusta og útivist.** Gera þarf grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á umferð ferðafólks um gamla þjóðveginn að Hafursey og Kötlujökli.

Reykjavík, 8. nóvember 2021

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson